

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1394  
komudagur 21.3.2006



Reykjavík, 21. mars 2006

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, 556. mál.

Verðbréfaskráning Íslands hf. leggst gegn þeirri tilslökun á þagnarskylduákvæði í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sem felst í 3. mgr. 3. gr. og 19. gr. frumvarpsins. Þess í stað er lagt til að þagnarskylduákvæði laganna standi áfram óbreytt.

Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarpið sem varð að lögum nr. 131/1997, þskj. 513 – 149. mál, kemur fram að nefndin hafi sérstaklega rætt ákvæði frumvarpsins um þagnarskyldu. Nefndin telur sýnt að ákvæðið eigi að skýra þröngt og að aðrir aðilar en þeir sem sérstaklega eru nefndir í frumvarpinu hafi ekki heimild til að fá upplýsingar um skráð réttindi í verðbréfamiðstöð, nema að undangengnum dómsúrskurði. Þar er einnig tekið fram að yfirvöld, t.d. skattýfirvöld, hefðu ekki heimild til að krefjast upplýsinga úr kerfi verðbréfamiðstöðvar. Verðbréfaskráning telur einsýnt að vilji löggjafans hafi komið skýrt fram við lagasetninguna 1997 með því að kveða afdráttarlaust upp úr um það að í öllum tilvikum þurfi að afla dómsúrskurðar. Alþingi hefði á sínum tíma getað valið sömu útfærslu á þagnarskylduákvæðinu og í 43. gr. þág. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, þ.e. að skylt væri að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sú leið var hins vegar ekki valin heldur gerð krafa um dómsúrskurð. Enginn þingmanni lagðist gegn ákvæðinu í lögnum frá 1997. Að mati Verðbréfaskráningar hefur ekkert komið fram sem rökstyður nauðsyn þess að hverfa frá þeirri útfærslu sem þingheimur var einhuga um 1997.

Verðbréfaskráning telur einnig rétt að benda á að með lögum 131/1997 urðu áþreifanleg bréf ógild og útprentun úr verðbréfamiðstöð jafngilti skilríki um eignarrétt að hlut í félagi. Ein aðalforsendan fyrir því að fá hlutafélög til að sækja um rafræna skráningu hluta var sú að þagnarskyldan yrði rík. Eftirleiðis skyldi öll skráning fara um hendur starfsfólks reikningsstofnana og því fleiri sem kæmu að henni en áður. Hlutaskráin yrði m.ö.o. tiltæk á fleiri stöðum en áður. Þá felur eignarskráning í verðbréfamiðstöð í sér að um er að ræða miðlægan gagnagrunn. Með því að slá inn

kennitölu koma fram heildareignir viðkomandi. Starfsemin er því tilkynningaskyld til Persónuverndar þar sem um vinnslu persónuupplýsinga er að ræða og margs kyns skráningu réttinda. Segja má í þessu tilliti að Verðbréfaskráning sé ígildi sýslumanns. Í stað þess að réttindum samkvæmt pappír sé þinglýst hjá sýslumanni fer slíkt fram hjá Verðbréfaskráningu. Í þessu sambandi má benda á 2. mgr. 14. gr. laganna en þar er kveðið svo á að í öllum tilvikum þurfi að leita heimildar Persónuverndar þegar upplýsingar eru veittar í hagtöluskyni. Þetta sýnir vel hve Alþingi taldi þessa starfsemi vera viðkvæma þegar löggin voru sett á sínum tíma. Verðbréfaskráningu telur óhjákvæmilegt annað en að kannað verði til hlítar hvort tilslökun á núgildandi þagnarskylduákvæði laga 131/1997 samræmist lögum um Persónuvernd.

Loks má nefna að rannsóknaraðilar hafa ríka tilhneigingu til að óska eftir meiri upplýsingum en minni, ekki síst þegar um tímaskort er að ræða. Verðbréfaskráning telur núgildandi fyrirkomulag í þagnarskylduákvæðinu um dómsúrskurð því æskilegan öryggisventil í því skyni að ekki séu afhentar meiri upplýsingar úr kerfinu en nauðsynlegt er. Það hlýtur að vera aðaltilgangurinn með núgildandi ákvæði. Réttur þeirra sem eiga skráð réttindi í hinu miðlæga kerfi verðbréfamiðstöðvar hlýtur að vera sá að heimildum til að kanna þessi réttindi séu settar þröngar skorður. Verðbréfaskráning telur nauðsynlegt að Alþingi standi vörð um þennan rétt og mælist því eindregið til að frumvarpinu verði breytt á þann veg að þagnarskylduákvæði laga nr. 131/1997 standi óhaggað.

Virðingarfyllt

  
Einar Sigurjónsson, framkv.stjóri

  
Einar Baldvin Stefánsson, forstm. lögfr.sv